

Kennsluáætlun

SJL 203

Lita- og formfræði

Haust 2011

Kennarar: Ari Halldórsson, Hafdís Ólafsdóttir, Kristveig Halldórsdóttir, Ingibjörg Friðriksdóttir

Áfangalýsing

Nemendur gera verkefni til að þjálfra hæfni sína og skilning í formfræði og litafræði. Í formfræði kanna þeir lögmál klassískrar myndbyggingar og hugtök á borð við frumform, jafnvægi, spennu, endurtekningu, hlutbundin og óhlutbundin form, mynstur og merkingu. Í litafræði rannsaka nemendur blöndun lita, heita og kalda liti, andstæðuliti, ljósa og dökka liti, sálræn áhrif lita og merkingu þeirra. Unnið er bæði með liti á skjá og efnisblöndun lita. Lögð er áhersla á að nemendur kanni áhrif lita, forma og myndbyggingar í myndlist og miðlun.

Markmið

Nemandi

- þekki möguleika punkts, línu, frumforma og samsettra forma í myndfletinum
- sé fær um að hagnýta lögmál myndbyggingar í myndrænum tilgangi
- þekki grunnatriði litablöndunar
- geti beitt formum og litum í markvissum tilgangi
- sé fær um að greina myndverk með tilliti til myndbyggingar, lita og áferðar.
- sé fær um að ræða ólíka merkingu forma, lita og áferðar í samfélaginu

Námsgögn/hugbúnaður

Teikniáhöld: teikniblyantar, tússpennar, guass-litir, penslar

Tölvuforritið Adobe Illustrator

Mappa með plastvösum til að geyma myndir (A4 með um 40 plastvösum).

Námsmat

Formfræði	30%
Litafræði	30%
Myndbygging	30%
Ástundun/virkni	10%

Fjarvistir

Nemanda ber að mæta stundvíslega í kennslustund. Komi nemandi 10 mínútum of seint fær hann „F“. Fari óheimilar fjarvistir yfir 15% telst nemandi fallinn í áfanganum en fari heildarfjarvistir yfir 20% af hvaða ástæðu sem er (þar með töldum veikindum) telst nemandi jafnframt fallinn.